



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 23. mars 2020

Ákvörðun nr. 13/2020

## **Undanþága fyrir samkomulagi um tímabundna frestun greiðslna af lánum fyrirtækja sem lent hafa í greiðsluvanda vegna COVID-19**

### **I.**

#### **Bakgrunnur og meðferð máls**

Með bréfi, dags. 22. mars 2020, óskuðu Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) eftir undanþágu skv. 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, við banni 10. og 12. gr. sömu laga við samstarfi keppinauta og samkeppnishamlandi aðgerðum samtaka fyrirtækja. Varðar beiðnin samkomulag aðila SFF og Landssamtaka lífeyrissjóða (LL), um tímabundna frestun á innheimtu lána fyrirtækja vegna COVID-19. Fram kemur í erindinu að SFF sækji um undanþáguna fyrir hönd samkomulagsaðila.

Í erindi SFF er m.a. rakið að telja verði óumdeilt að útbreiðsla COVID-19 veirunnar og þær aðgerðir sem gripið hefur verið til hér á landi og annars staðar til að hefta framgang veirunnar hafi neikvæð áhrif á efnahagshorfur og fjármálaleg skilyrði. Fyrir liggja að fjölmörg íslensk fyrirtæki standi frammi fyrir verulegum áskorunum í ljósi áhrifa COVID-19 heimsfaraldursins, þ.á m. verulegum tekjusamdrætti og lausafjárskorti, ekki hvað síst fyrirtæki sem starfa á sviði ferðapjónustu og í afleiddum greinum. Hafi stjórnvöld því haft frumkvæði að því að kalla til aðila á lánamarkaði, meðal annars til þess að undirbúa viðbrögð við tímabundnum greiðsluferðleikum fyrirtækja vegna COVID-19. Sé fyrirbyggjandi samkomulag meðal annars afrakstur þessara viðræðna.

Þá segir að ljóst sé að bankakerfið sé vel í stakk búið til að bregðast við áföllum. Mikilvægt sé þó samhliða að draga úr áhættu einstakra lánveitenda af slíkum tímabundnum aðgerðum tengdum rekstrarvanda fyrirtækja, s.s. vegna neikvæðra áhrifa af auknum vanskilum, virðisrýrnun á miðlun lánsfjármagns, o.fl. Í framangreindum tilgangi hafi *fjármálastöðugleikanefnd Seðlabanka Íslands* ákveðið að aflétta 2% kröfu um sveiflujöfnunarauka á fjármálafyrirtæki og verði hann því 0%, ásamt því að *peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands* hafi ákveðið að lækka vexti bankans um 0,5%. Alþingi hafi einnig, svo dæmi sé tekið, samþykkt frumvarp ríkisstjórnarinnar um tvískiptingu á gjalddaga staðgreiðslu opinberra gjalda og tryggingagjalds.

Einnig er rakið í erindinu að ríkisstjórnin hafi lýst því yfir að til að verja íslenskt efnahagslíf muni hún beita sér fyrir umfangsmiklum aðgerðum. Umfang aðgerða fyrsta áfanga stjórnvalda til að bregðast við áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru nemi um 230 mö.kr.



eða tæplega 8% af landsframleiðslu. Aðgerðirnar séu þrífættar og miði að því að tryggja afkomu fólks og fyrirtækja, verja grunnstoðir samfélagsins og skapa öfluga viðspyrnu fyrir efnahagslífið. Í ljósi minnkandi umsvifa muni stjórnvöld í krafti hlutastarfaleiðarinnar svokölluðu greiða allt að 75% launa starfsfólks sem lækki í starfshlutfalli, að hámarki 700 þúsund kr., og gera þannig launafólki og atvinnurekendum kleift að halda ráðningarsambandi. Úrræðið gildi næstu tvo og hálfan mánuð en reynslan af úrræðinu verði endurmetin í maí nk. Fyrirtækjum verði gefinn kostur á að fresta greiðslum opinberra gjalda til næsta árs til að bæta lausafjárstöðu í atvinnurekstri og gistináttaskattur verði afnuminn til ársloka 2021. Útlánasvigrúm verði aukið með lækkun bankaskatts og ríkisábyrgð á lánum til lífvænlegra fyrirtækja, sem er ætlað að auðvelda þeim að standa í skilum, sérstaklega vegna launagreiðslna. Einnig verði veitt heimild til að taka út séreignarsparnað að hámarki 800 þ.kr. á mánuði í 15 mánuði og endurgreiðslur vegna viðhaldsvinnu við heimili og frístundahúsnæði verði hækkaðar úr 60% í 100%. Að auki verði endurgreiðsluúrræðið útvíkkað til heimilisþjónustu og tekin upp ný heimild fyrir þriðja geirann svokallaða, sem nái meðal annars til almannaheilla- og íþróttafélaga, til endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu fólks við byggingaframkvæmdir á þeirra vegum. Loks verði greiddur út sérstakur barnabótaauki 1. júní 2020 með öllum börnum undir 18 ára aldri. Farið verði í sérstakt 20 ma.kr. fjárfestingaráttak árið 2020, þar sem hið opinbera og félög þess setja aukinn kraft í samgöngubætur, fasteignaframkvæmdir, og upplýsingatækni, auk þess sem framlög verða aukin í vísinda- og nýsköpunarsjóði.

Í aðdraganda þessarar undanþágubeiðni höfðu SFF óskað eftir undanþágu skv. 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 til að „beita sér fyrir eða taka þátt í samstarfi aðildarfyrirtækja SFF og annarra aðila á lánamarkaði ásamt opinberum aðilum“, sbr. erindi, dags. 17. mars 2020. Í erindinu var rakið að stjórnvöld hefðu haft frumkvæði að því að kalla til aðila á lánamarkaði, meðal annars til þess að undirbúa viðbrögð við tímabundnum greiðsluferfiðleikum fyrirtækja vegna COVID-19. Í meginráttum væri um að ræða frestun á greiðslum af lánum og veitingu á viðbótarrekstrarfé vegna lausafjárferfiðleika. Nauðsynlegt kynni að vera að aðilar á lánamarkaði gerðu með sér samkomulag um framkvæmd frestana („stand-still“) og frekari lánafyrirgreiðslu. Stefnt væri að því að lánastofnanir, þ.m.t. opinberir lánasjóðir, lífeyrissjóðir, sveitarfélög, ríkissjóður og hugsanlega Seðlabanki Íslands gætu orðið aðilar að samkomulaginu.

Í svarbréfi Samkeppniseftirlitsins til SFF 18. mars 2020 sagði að í ljósi þeirrar stöðu sem upp væri komin í íslensku efnahagslífi og með hliðsjón af þeim aðgerðum sem í undirbúningi væru á vettvangi stjórnvalda, gerði Samkeppniseftirlitið enga athugasemd við að SFF beitti sér fyrir og tæki þátt í samstarfi aðildarfyrirtækja sinna og annarra aðila á lánamarkaði. Þegar og ef samkomulag næðist milli keppinauta á markaðnum um samræmdar aðgerðir væri óhjákvæmilegt að aðilar beindu sérstakri undanþágubeiðni til Samkeppniseftirlitsins. Jafnframt lagði Samkeppniseftirlitið áherslu á að utanaðkomandi aðili með þekkingu á samkeppnisrétti væri viðstaddur viðræður keppinauta á þessum vettvangi, tæki niður fundargerðir og hefði milligöngu um miðlun upplýsinga sem ekki væru með milligöngu Seðlabanka Íslands, og að fundargerðir og yfirlit yfir miðluð gögn yrðu aðgengileg Samkeppniseftirlitinu ef óskað væri eftir.

Samkeppniseftirlitið lagði ennfremur áherslu á að Seðlabanki Íslands, sem stjórnvalds á þessu sviði, væri gefinn kostur á að taka þátt og fylgjast með þessum samskiptum. Í samskiptum eftirlitsins við Seðlabankann koma fram að bankinn hefði í hyggju að taka þátt.



Áður en viðræður hófust milli aðila um gerð samkomulagsins voru ráðnir lögmenn með þekkingu á samkeppnisrétti sem tóku að sér það hlutverk sem Samkeppniseftirlitið hafði lagt áherslu á í áður getnu svarbréfi sínu, dags. 18. mars, til SFF. Kemur þetta fram í gögnum málsins.

## II.

### **Samkomulagið og helstu röksemdir undanþágubeiðenda fyrir undanþágu**

Samkvæmt undanþágubeiðninni hljóðar samkomulagið sem aðilar þess hafa komið sér saman um með svohljóðandi hætti:

*„Ljóst er að heimsfaraldur Covid – 19 mun trufla atvinnustarfsemi tímabundið hér á landi. Þetta mun hafa í för með sér greiðsluferfiðleika hjá fyrirtækjum.*

*Nauðsynleg viðbrögð vegna stöðvunar eða hægarí atvinnustarfsemi vegna heimsfaraldursins er að lánadrottinn fyrirtækja fallist á að hætta tímabundið innheimtu skulda fyrirtækja sem lenda tímabundið í greiðsluvanda vegna tekjufalls vegna heimsfaraldursins en eru, og hafa verið, að öðru leyti í heilbrigðum rekstri.*

*Til að greiða fyrir hraðri úrlausn þessara mála, tryggja jafnræði milli fyrirtækja, samræmi milli úrlausna og jafnræði milli lánveitenda er nauðsynlegt að aðilar á lánamarkaði geri með sér samkomulag um framkvæmd frestana ("stand-still"). Fyrirtæki sem njóta frestunar á greiðslum verða að undirgangast skilyrði um að raska ekki stöðu lánadrottna á meðan frestun stendur.*

*Undirritaðir samningsaðilar („aðilar“) gera með sér svofellt samkomulag:*

- 1. Gildistími samkomulags er frá 22. mars 2020 til 30. júní 2020 („samningstími“). Aðilar geta komið sér saman um framlengingu samningstímans ef aðstæður kalla á slíkt. Taka skal ákvörðun og tilkynna um framlengingu fyrir miðjan júní næstkomandi komi til framlengingar.*
- 2. Með fyrirtækjum sem samkomulagið nær til, („fyrirtæki“) er átt við fyrirtæki sem eru í heilbrigðum rekstri og verða fyrir tímabundnu tekjufalli sem leiðir til rekstrarvanda vegna heimsfaraldursins, höfðu ekki verið í vanskilum 60 daga eða lengur í lok febrúar síðastliðinn og hafa nýtt viðeigandi úrræði stjórnvalda vegna heimsfaraldursins sem þeim stendur til boða. Um er að ræða rekstrarfyrirtæki, þ.e. fyrirtæki sem selja vöru og þjónustu. Eignarhaldsfélög falla ekki undir samkomulag þetta.*
- 3. Mat á því hvort fyrirtæki fellur undir þetta samkomulag: Aðalviðskiptabanki (eða sparisjóður) fyrirtækis leggur mat á hvort fyrirtækið uppfyllir skilyrði þessa samkomulags að fenginni umsókn fyrirtækisins og tilkynnir öðrum aðilum þessa samkomulags um niðurstöðu matsins, enda hafi fyrirtækið veitt sannanlega heimild fyrir slíkri upplýsingamiðlun.*



4. *Frestun greiðslna: Öllum endurgreiðslum á skuldum fyrirtækja við aðila skal frestað, þar með talið vöxtum og afborgunum, í allt að sex mánuði. Aðalviðskiptabanki (eða sparisjóður) tilkynnir lánveitendum sem eru aðilar að þessu samkomulagi um að fresta eigi greiðslu skulda. Frestun nær ekki til iðgjalda til lífeyrissjóða.*
5. *Meðferð frestaðra greiðslna. Frestaðar greiðslur afborgana og vaxta skulu leggjast við höfuðstól og skal samningstíminn lengjast sem nemur fjölda frestaðra afborgana. Sé um að ræða skuldir án gjalddaga frestast greiðsla til loka samningstíma þessa samkomulags. Frestaðar greiðslur skulu bera sömu vexti og upphafleg skuld.*
6. *Nýir aðilar: Aðrir aðilar, sem eru lánveitendur til fyrirtækja, geta gerst aðilar að samkomulagi þessu, enda hafi þeir aflað heimildar frá Samkeppniseftirlitinu til þess. Nýir aðilar, sem fengið hafa heimild Samkeppniseftirlitsins, skulu tilkynna SFF með einhliða yfirlýsingu um aðild. SFF tilkynna aðilum samkomulagsins um nýja aðila.*
7. *Fyrirvari um samþykki Samkeppniseftirlits. Samningsaðilum er ljóst að samkomulag þetta er háð undanþágu frá Samkeppniseftirlitinu samkvæmt 15.gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkomulag er um að SFF sæki um formlega undanþágu fyrir hönd samningsaðila.*

*Samstarf samningsaðila einskorðast við ákvæði samkomulagsins. Samkomulagið hindrar ekki að lánveitendur geti veitt viðskiptavinum sínum frekari greiðsluferfiðleikaúrræði en samkomulag þetta mælir fyrir um eða keppi að öðru leyti á grundvelli viðskiptaskilmála."*

Í undanþágubeiðninni kemur m.a. fram að ljóst sé að efni samkomulagsins feli í sér atriði sem hver og einn keppinautur verði almennt að ákveða sjálfstætt í starfsemi sinni. Sú samræming sem felist í samkomulaginu milli keppinauta um viðbrögð þeirra við tímabundnum greiðsluferfiðleikum fyrirtækja vegna COVID-19 falli því væntanlega undir ákvæði 10. gr. samkeppnislaga, sbr. 12. gr. samkeppnislaga.

Eins og fram kemur í undanþágubeiðninni getur Samkeppniseftirlitið, á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga, veitt undanþágu frá ákvæðum 10. og 12. gr. Skilyrði slíkrar undanþágu eru raktar í niðurstöðukafla hér aftar. SFF telur að öll skilyrði fyrir undanþágu vegna samkomulagsins séu uppfyllt

Að mati undanþágubeiðenda verði við mat á því hvort veita beri undanþágu m.a. að líta til þess að fjármálastarfsemi gegnir mikilvægu hlutverki í efnahagslífi hvers lands. Hún gegni afgerandi hlutverki fyrir starfsemi á öðrum mörkuðum og í efnahagskerfinu í heild. Fjármálastarfsemi stuðli að og örvi viðskipti með vörur og þjónustu sem eigi að leiða til lægri viðskiptakostnaðar til hagsældar fyrir þjóðfélagið. Þess vegna verði að telja það grundvallaratriði að samkeppni sé virk á fjármálamarkaði og að markaðurinn sé ávallt eins skilvirkur og mögulegt sé.



Í undanþágubeiðninni segir að tilgangur samkomulagsins sem sótt er um undanþágu fyrir, sé í hnotskurn sá að með því að hjálpa fyrirtækjum að standa í skilum, þ.e. varna vanskilum, sé verið að verja lífvænleg fyrirtæki sem geti síðan náð viðspyrnu á ný, og um leið samkeppni almenningi til heilla. Úrræðunum, í bland við önnur úrræði sem séu í bígerð, þ.m.t. veiting rekstrarlána með ríkisábyrgð, sé með öðrum orðum ætlað að fleyta rekstrarhæfum fyrirtækjum yfir erfiðasta hjallann með þeim hætti að sem flest fyrirtæki hafi afl til þess að keppa, þegar erfiðleikunum linnir, fyrirtækjunum og um leið neytendum og virkum samkeppnismarkaði til hagsbóta.

Einnig er rakið að til að tryggja það markmið að draga eftir því sem hægt sé úr neikvæðum efnahagslegum áhrifum faraldursins sé mikilvægt að unnt sé að leysa úr þeim fjölmörgu úrlausnarefnum sem staðið sé frammi fyrir gagnvart einstökum fyrirtækjum með skilvirkum og skjótvirkum hætti, þ. á m. þannig að jafnræðis sé gætt gagnvart þeim sem þurfa aðstoð, ekki síst í ljósi þess að aðstoðin er öðrum þræði opinbers eðlis. Í því sambandi nefnd viðbótarfjármögnun með ríkisábyrgð. Um leið sé endurskipulagningu skulda fyrirtækja hraðað. Greiðsluferfiðleikaúrræði sem þessi, geti orðið til þess að bæta stöðuna á þeim mörkuðum sem um teflir. Þá hljóti lántakar hlutdeild í ávinningnum sem felst í því að komið sé til móts við mögulega greiðslubyrði, og um leið neytendur eðli málsins samkvæmt.

Eins og efni samkomulagsins beri með sér sé samstarfið skýrt afmarkað að efninu til og tryggt að það hafi ekki áhrif á samkeppni fjármálafyrirtækja til framtíðar litið eða umfram þau atriði sem það taki til. Samstarfið leggi engin höft á samstarfsaðila sem unnið gætu gegn því að þeir gerðu betur við viðskiptavinum sínum en keppinautar þeirra og samstarfið hefti ekki sjálfstæði þeirra að öðru leyti. Ekki sé gert ráð fyrir samfelldri samvinnu við framkvæmd samkomulagsins.

Rétt sé þó að fyrirtækjum og öðrum sem aðild eiga að samkomulaginu sé heimilt að eiga með sér samstarf eða funda á grundvelli samkomulagsins, eftir því sem þörf krefji og til að tryggja framkvæmd þess eins og best verði á kosið, en í því felist að sjálfsögðu ekki heimild til nánara samráðs um viðskiptakjör, e.þ.h. Þá sé sjálfsagt að haldnar verði skýrar fundargerðir um fundi sem haldnir séu vegna samkomulagsins, ásamt því að halda til haga yfirliti yfir öll gögn sem lögð séu fram á fundum eða verði til vegna framkvæmdar á samkomulaginu, og að aðilar að samkomulaginu tilnefni fastan fulltrúa sem sitji fundi fyrir þeirra hönd, svo dæmi sé tekið. Telji SFF því sjálfsagt að Samkeppniseftirlitið setji samkomulaginu slík skilyrði, svo og t.d. að utanaðkomandi aðili með þekkingu á samkeppnisrétti sé viðstaddur viðræður á þessum vettvangi, annast skrásetningu fundargerða, gagna o.fl., og að þessi gögn verði öll aðgengileg Samkeppniseftirlitinu, telji eftirlitið slík skilyrði nauðsynleg fyrir veitingu undanþágu á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga.

Um framangreint allt vísist, eftir því sem við á, til fyrri ákvarðana Samkeppniseftirlitsins, þegar eftirlitið hafi við sérstakar aðstæður veitt undanþágur af sambærilegum toga til fjármálafyrirtækja, þ.m.t. vegna sértækra skulda- og greiðsluáðlögunar, sbr. *ákvarðanir nr. 23/2010 og 10/2011*, og vegna samstarfs í kjölfar dóms Hæstaréttar í máli nr. 600/2011 varðandi gengistryggð lán, sbr. *ákvörðun nr. 4/2012*.



Með vísan til framangreinds og annars sem rakið er í undanþágubeiðninni, þ. á m. virt heildstætt, telur SFF að skilyrði 15. gr. samkeppnislaga fyrir veitingu undanþágu séu uppfyllt.

Þá segir að komi til þess að gerð verði frekari samkomulög, vegna framangreindra aðstæðna, svo sem í tengslum við veitingu áður nefndra viðbótarlána, e.þ.h., verði Samkeppniseftirlitinu haldið upplýstu um slíkt og óskað eftir frekari undanþágum eftir því sem lög bjóði.



### III. Niðurstaða

Ágreiningslaust er í málinu að umrætt samkomulag keppinauta á lánamarkaði fellur undir 10. gr. samkeppnislaga og þarfnast því undanþágu í samræmi við 15. gr. sömu laga.

Í 10. gr. samkeppnislaga er lagt bann við hvers konar samkeppnishamlandi samráði fyrirtækja. Um skýringu á þessum bannreglum samkeppnislaga vísast til m.a. ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 11/2015, *Brot Byko ehf. á 10. gr. samkeppnislaga*.

Samkvæmt 15. gr. samkeppnislaga getur Samkeppniseftirlitið veitt undanþágu frá ákvæðum 10. og 12. gr. laganna, enda sé sýnt fram á að aðgerðir sem falla undir undanþáguna;

- a. stuðli að bættri framleiðslu eða dreifingu á vöru eða þjónustu eða efli tæknilegar og efnahagslegar framfarir,
- b. veiti neytendum sanngjarna hlutdeild í ávinningi sem af þeim hlýst,
- c. leggi ekki höft á hlutaðeigandi fyrirtæki sem óþörf eru til að settum markmiðum verði náð og
- d. veiti fyrirtækjunum ekki færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta framleiðsluvaranna eða þjónustunnar sem um er að ræða.

Eins og áður segir sækir SFF um undanþáguna f.h. aðila samkomulagsins. SFF eru heildarsamtök fjármálafyrirtækja á Íslandi og eru aðildarfélög þess 26 talsins. Í undanþágubeiðninni kemur fram að aðildarfélög þess séu viðskiptabankar, fjárfestingabankar, sparisjóðir, tryggingafélög, verðbréfafyrirtæki, eignarleigur og kortafélög. Einnig geta lífeyrissjóðir átt aðild að samkomulaginu en Landssamtök lífeyrissjóða hafa undirritað samkomulagið með fyrirvara um samþykki einstakra lífeyrissjóða.

Fjallað hefur verið um samkeppnisaðstæður á lánamarkaði í ýmsum fyrri ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins. Má þar nefna ákvarðanir nr. 22/2017, 24/2017 og 25/2017 um *Aðgerðir til að efla samkeppni í almennri viðskiptabankþjónustu við einstaklinga og lítil fyrirtæki*, sem grundvallaðar voru á aðgreindum sáttum Samkeppniseftirlitsins og hvers stóru viðskiptabankanna þriggja. Hvað varðar starfsemi lífeyrissjóða sérstaklega má vitna til úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 9/2008, *Hörður Einarsson gegn Samkeppniseftirlitinu*, og ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2019, *Kaup Íbúðalánasjóðs á íbúðalánasafni af Arion banka hf.* Hvað varðar tryggingamarkaði sérstaklega, þá má benda á efni ákvörðunar nr. 27/2016, *Samruni Arion banka hf., Varðar trygginga hf. og Varðar líftrygginga hf.* Fjallað hefur verið um markað fyrir þjónustu greiðslukortafyrirtækja í fjölmörgum ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins á umliðnum árum. Nægir hér að nefna ákvörðun nr. 8/2015, *Breytingar á skipulagi og framkvæmd á greiðslukortamarkaði*.

Ætla má að sá markaður sem við á í þessu máli sé heildarmarkaðurinn fyrir lán til fyrirtækja. Samkeppniseftirlitið telur hins vegar ekki nauðsynlegt í máli þessu að afmarka markaði málsins með nákvæmum hætti þar sem það hefur ekki áhrif á niðurstöðuna í máli þessu



en vísar almennt m.a. til umfjöllunar í þeim fyrri ákvörðunum sem nefndar eru hér að framan.

Undir eðlilegum kringumstæðum er viðskiptalegt samstarf keppinauta almennt talið afar varhugavert í samkeppnislegu tilliti, enda gæti það skaðað almannahagsmuni með víðtækum hætti. Samkeppniseftirlitið telur hins vegar að það samkomulag sem um ræðir í þessu máli sé fremur til þess fallið að verja almannahagsmuni en að skaða þá. Þær fordæmislausu aðstæður sem skapast hafa í hagkerfinu vegna COVID-19 eru ráðandi fyrir niðurstöðu þessa máls. Við þessar aðstæður er málefnalegt að veita aðilum á lánamarkaði svigrúm til samskipta og samstarfs sem miða að því lágmarka tjón viðskiptavina sem leitt getur af þeim aðstæðum um ræðir. Undir þeim kringumstæðum sem nú eru uppi er samstarf keppinauta sem hefur það markmið að verja brýna almannahagsmuni líklegt til þess að uppfylla þær kröfur sem fram koma í 15. gr. samkeppnislaga.<sup>1</sup>

Samkeppniseftirlitið hefur við sérstakar aðstæður veitt undanþágur af sambærilegum toga. Í því sambandi má benda á ákvörðun nr. 35/2010, *Samkomulag fjármálaráðuneytisins f.h. ríkissjóðs, efnahags- og viðskiptaráðuneytisins, fjármálafyrirtækja og hagsmunasamtaka atvinnulífsins um úrvinnslu skuldamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja*. Í þeirri ákvörðun var veitt undanþága til þess að gera og framkvæma samkomulag um aðferðafræði við mat á skuldavanda fyrirtækja og endurskipulagningu þeirra. Einnig má vísa til ákvarðana vegna sértækrar skulda- og greiðsluaðlögunar, sbr. *ákvarðanir nr. 23/2010 og 10/2011*, og til ákvörðunar nr. 4/2012 vegna samstarfs í kjölfar dóms Hæstaréttar í máli nr. 600/2011 varðandi gengistryggð lán. Í framangreindum ákvörðunum var lagt mat á það hvort ákvæði 15. gr. væru uppfyllt. Áþekk rök eiga við um veitingu undanþágu í þessu máli og í framangreindum málum. Rétt er þó að fjalla nánar um þann þátt umrædds samkomulags sem varðar val á fyrirtækjum sem samkomulagið tekur til.

Í samkomulaginu felst tímabundin frestun á innheimtu skulda sem ætlað er að auðvelda viðkomandi fyrirtækjum að standa af sér yfirstandandi erfiðleika. Samkvæmt samkomulaginu á þessi frestun að taka til fyrirtækja sem „*eru í heilbrigðum rekstri og verða fyrir tímabundnu tekjufalli sem leiðir til rekstrarvanda vegna heimsfaraldursins, höfðu ekki verið í vanskilum 60 daga eða lengur í lok febrúar síðastliðinn og hafa nýtt viðeigandi úrræði stjórnvalda vegna heimsfaraldursins sem þeim stendur til boða.*“ Um er að ræða rekstrarfyrirtæki, þ.e. fyrirtæki sem selja vöru og þjónustu. Eignarhaldsfélög falla ekki undir samkomulag þetta.

Ekki er hægt að útiloka að upp rísi vafi um það hvort fyrirtæki falli undir framangreinda skilgreiningu og eigi því kost á frestun. Ráða má af samkomulaginu að aðalviðskiptabanka fyrirtækis sé í hverju tilviki ætlað að meta þetta. Í reynd felst því í samkomulaginu samráð þorra lánveitenda á íslenskum lánamarkaði um það hvort fyrirtæki eigi kost á að frestun á innheimtu skulda. Niðurstaða þess samráðs getur skilið á milli feigs og ófeigs í hinum ýmsu atvinnugreinum. Þörfin fyrir skjótar aðgerðir er augljós og einnig blasir við að viðmið verða að vera skýr til að tryggja skilvirka framkvæmd. Á hinn bóginn er ekki unnt að útiloka að starfandi séu mikilvæg fyrirtæki sem eru lífvænleg þrátt fyrir að hafa verið í vanskilum í 60

<sup>1</sup> Samkeppniseftirlitið, önnur samkeppnisyrifvöld í EES-ríkjunum, Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn ESB birtu í dag sameiginlega yfirlýsingu vegna Covid-19. Er þar m.a. tekið fram, að eins og hér stendur á, sé ólíklegt að samstarf keppinauta um t.d. að tryggja dreifingu á vörum sem skortur er á skapi samkeppnisleg vandamál. Sjá: [https://ec.europa.eu/competition/ecn/202003\\_joint-statement\\_ecn\\_corona-crisis.pdf](https://ec.europa.eu/competition/ecn/202003_joint-statement_ecn_corona-crisis.pdf)





daga eða lengur. Gæti það skaðað almannahagsmuni ef slík fyrirtæki hrökklast út af markaði. Sökum þessa er mikilvægt að samkomulagið girði ekki fyrir að slík fyrirtæki, sem viðkomandi lánveitandi teldi þrátt fyrir allt lífvænleg, gætu notið þeirra úrræða sem samkomulagið tekur til. Þykir því rétt að tryggja að samkomulagið komi ekki í veg fyrir að slíkar ráðstafanir geti farið fram. Í þessu efni er einnig þýðingarmikið að í samkomulaginu er skýrt tekið fram að samkomulagið hindri ekki að lánveitendur geti veitt viðskiptavinum sínum frekari greiðsluferfiðleikaúrræði en samkomulagið mælir fyrir um eða keppi að öðru leyti á grundvelli viðskiptaskilmála.

Með hliðsjón af framangreindu telur Samkeppniseftirlitið einnig mikilvægt að hugað sé sérstaklega vel að framkvæmd og túlkun þeirra skilgreininga sem liggja til grundvallar ákvörðun um það hvort fyrirtæki eigi rétt á frestun á innheimtu skulda eða ekki. Hafa ber hér einnig í huga að eftirlitinu er ekki unnt, við þær aðstæður sem uppi eru, að afla sjónarmiða frá hagsmunaaðilum um þetta atriði. Því telur Samkeppniseftirlitið jafnframt mikilvægt að samkomulaginu verði sett skilyrði um að samkomulagið geti sætt endurskoðun að þessu leyti, að fenginni fyrstu reynslu og að leitað sé umsagnar Seðlabanka Íslands, sem stjórnvalds og eftirlitsaðila á fjármálamarkaði.

Að mati Samkeppniseftirlitsins eru öll skilyrði 15. gr. samkeppnislaga fyrir undanþágu uppfyllt í máli þessu, enda sé farið að skilyrðum sem fram koma í ákvörðunarorði.



#### IV. ÁKVÖRÐUNARORÐ:

„Með heimild í 15. gr. samkeppnislaga veitir Samkeppniseftirlitið undanþágu fyrir samkomulagi um tímabundna greiðslufresti á lánum fyrirtækja vegna heimsfaraldurs COVID-19. Undanþágan tekur bæði til gerðar samkomulagsins eins og því er lýst í ákvörðun þessari og framkvæmdar þess.

Til samkomulagsaðila teljast Samtök fjármálafyrirtækja (SFF), Landssamband lífeyrissjóða (LL) og aðildarfyrirtæki beggja samtakanna sem tilkynnt eru formlega til Samkeppniseftirlitsins af SFF og LL. Einnig geta aðrir lánveitendur gerst aðilar að samkomulaginu að því tilskyldu að þau tilkynni Samkeppniseftirlitinu um það.

Undanþágan er veitt með eftirfarandi skilyrðum sem allir aðilar samkomulagsins eru skuldbundnir til að fylgja:

##### 1. gr.

Samstarf og samskipti á milli aðila samkomulagsins skal afmarkað við markmið og ákvæði þess.

Samstarfið skal ekki fela í sér nein höft sem unnið gætu gegn því að einstakir aðilar gætu veitt viðskiptavinum sínum betri kjör eða fyrirgreiðslu en útfært er í samkomulaginu. Óheimilar eru hvers konar skorður við því að lánveitendur geti veitt viðskiptavinum sínum frekari greiðsluferfiðleikaúrræði en samkomulagið mælir um eða keppi að öðru leyti á grundvelli viðskiptaskilmála.

Jafnframt skal samkomulagið ekki koma í veg fyrir að einstakir lánveitendur geti fallist á að koma til móts við einstök fyrirtæki sem viðkomandi lánveitandi álítur lífvænleg þótt þau kunni ekki að uppfylla skilyrðið um hafa ekki verið í vanskilum 60 daga eða lengur í lok febrúar síðastliðinn.

##### 2. gr.

Við framkvæmd samkomulagsins skulu samningsaðilar, a.m.k. hver fyrir sig, halda til haga yfirliti yfir fyrirtæki sem ekki eru talin uppfylla skilyrði samkomulagsins um frestun á innheimtu skulda.

Af fenginni reynslu af framkvæmd samkomulagsins skal taka til athugunar hvort nauðsynlegt sé að endurskoða þau skilyrði sem sett eru í samkomulaginu. Skal slík athugun fara fram eigi síðar en að liðnum tveimur vikum frá birtingu ákvörðunar þessarar. Leita skal umsagnar Seðlabanka Íslands við slíka endurskoðun.

##### 3. gr.

Gæta skal að því að viðkvæmar viðskiptaupplýsingar, um önnur atriði en undanþágan nær til, berist ekki á milli fyrirtækjanna.



**4. gr.**

**Utanaðkomandi aðili með þekkingu á samkeppnisrétti skal vera upplýstur um eða vera þátttakandi í samskiptum og viðræðum keppinauta á vettvangi samstarfsins. Aðkoma hans skal fela í sér að halda skrá um samskipti, taka niður fundargerðir og hafa milligöngu um miðlun upplýsinga.**

**Fundargerðir, samskiptaskrá og yfirlit yfir miðluð gögn verði aðgengileg Samkeppniseftirlitinu ef óskað er eftir.**

**Leitast skal við að fastur fulltrúi hvers samkomulagsaðila sitji fundi fyrir þeirra hönd.**

**Seðlabanka Íslands skal boðið að taka þátt í fundum á milli aðila á grundvelli samkomulagsins.**

**5. gr.**

**Undanþága þessi gildir til loka samningstíma samkomulagsins sem er 30. júní 2020. „**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson